

Nd.

309. Tillaga

til þingsályktunar um vegamál.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að athuga og undirbúa undir næsta þing það, sem hjer segir:

1. Hvort eigi sje rjett, að vegurinn frá Krosshöfða í Hjaltastaðapínghá að Fagradalsbraut við Egilsstaði verði tekinn upp í tölu flutningabrauta.
2. Beiðni frá Hafnirðingum um þjóðveg á milli Hafnarfjarðar og Suðurlandsbrautar á hentugum stað sje athuguð og málið undirbúið.
3. Athuguð sje sú krafa frá Múlasýslum, um að viðhaldskostnaði Fagradalsbrautar sje að nokkru ljett af sýslunum, með því að meiri hluti brautarinnar liggur í óbygðum.
4. Þá hlutist stjórnin til um það, að vegamálastjóri haldi að öðru leyti áfram þeim athugunum, sem þegar mun vera byrjað á, að koma vegakerfi landsins í fast horf, og jafnframt að gera tillögur um, hvar mest nauðsyn beri til framkvæmda í vega- og brúargerðum.

Greinargerð.

Til samgöngumálanefndar var vísað frv. á þingskjali 50, frá þingmönnum Múlasýslna, um að lögð verði flutningabraut af Fagradalsbraut nær Egilsstöðum út að Hjeraðsflóa. Þetta mun nauðsynjamál, með því hjer er um stórt og mannmargt hjerað að ræða, en vegir vondir og erfitt aðdrátta. En málið hefir eigi fengið neinn undirbúning, og því vill nefndin vísa því til aðgerða stjórnarinnar.

Þá var einnig vísað til nefndarinnar tillögu á þingskj. 96 um þjóðvegargerð af Suðurlandsbraut frá Rauðavatni um Vífilsstaði á Hafnarfjarðarveginn. Margt virðist mæla með því, að þjóðvegur sje lagður til Hafnarfjarðar um þessar slóðir, en þar sem nokkur ágreiningur virðist vera um vegarstefnuna, vill nefndin að stjórnin undirbúi málið frekar.

Þriðji liður tillögunnar er borinn fram út af því, að 2. þm. Sunnmýlinga, sem er í nefndinni, óskaði, að nefndin tæki upp á sína arma frv., er hann hafði í smíðum, um að landssjóður kostaði að öllu leyti viðhald þess kafla af Fagradalsbraut, er liggur í óbygðum, um 26 rastir, en Múlasýslur önnuðust að eins þær 9 rastir, er liggja í bygð, en sömuleiðis að öllu leyti. Nefndinni virtist að vísu sanngjarnt og rjett, að viðhaldi væri að einhverju leyti ljett af sýslunum, sem nú eiga að annast brautina að $\frac{2}{3}$ hlutum, og felur því stjórninni að koma fram með tillögur um það á sínum tíma.

Jafnframt þessu álitur nefndin, að æskilegt sje, að vegamálastjóri athugi nánar alt vegakerfi landsins, og komi meðal annars fram með tillögur um, hvaða sýsluvegir og sýsluvegabryr ættu sjerstaklega að sitja fyrir tillagi úr landssjóði o. fl.

Alþingi, 4. september 1917.

Þórarinn Jónsson,
form. samvinnun. og Nd.nefndar.

Guðjón Guðlaugsson,
form. Ed.nefndar.

Gísli Sveinsson,
skrifari Nd.

Þorleifur Jónsson,
framsm. Nd.

H. Steinsson.

Hjörtur Snorrason.

B. R. Stefánsson.

Þorsteinn M. Jónsson.

Kristinn Danielsson.

Jóh. Jóhannesson,
fundaskrif. Ed.

H. J. Kristófersson.